

Staðarárvirkun í Bakkafirði

Umsagnir og viðbrögð við skipulagslýsingu vegna deiliskipulags og breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Kynningartími tillögu var frá 30.05 til 20.06.2025

Tafla 1. Efnisatriði umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim

UMSAGNARAÐILI	EFNISATRIÐI	VIÐBRÖGÐ
Norðurþing 04.06.2025	Skipulags- og framkvæmdarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi skipulagslýsingu..	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Vopnafjarðarhreppur 20.06.2025	Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Rarik 13.06.2025	RARIK hefur farið yfir skipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en óskar eftir að haft verði samband tímanlega ef RARIK þarf að bregðast við vegna strengja á svæðinu.	Umsögn Rarik verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Minjastofnun Íslands 06.06.2025	Minjastofnun minnir á að fornleifaskráningu þarf að vera lokið áður en deiliskipulagið verður kynnt fyrir stofnuninni svo hægt verði að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar. Að öðru leiti gerir Minjastofnun engar athugasemdir á þessu stigi.	Umsögn Minjastofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Veðurstofa Íslands 07.07.2025	Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar þessar.	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Skipulagsstofnun 12.06.2025	Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á að afstaða sveitarstjórnar til 5. gr. jarðalaga þarf að liggja fyrir þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Minnt er á að hafa gott samráð í gegnum allt skipulagsferlið við íbúa og aðra hagsmunaaðila búsetta innan og utan sveitarfélags.	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins. Langanesbyggð mun áfram leggja áherslu á gott samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila búsetta innan og utan sveitarfélagsins.
Hafrannsóknarstofnun 20.06.2025	Hafrannsóknastofnun undirstrikar að við alla skipulagsgerð og framkvæmdir þarf að fara að ákvæðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Áður en til framkvæmda kæmi við fyrirhugaða virkjun í Staðará þarf að fara fram mat áhrifum framkvæmdanna á vatnshlotið Staðará/Rauðará og hvort virkjunin verði til þess aðumhverfis-markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála náist ekki. Hafrannsóknastofnun vekur athygli á því að gögn og rannsóknir á gæðabáttum til að staðfesta vistfræðilegt ástand vatnshlotsins Staðará / Rauðará liggja ekki fyrir. Möguleg áhrif virkjunarinnar á vatnshlotið Staðará/Rauðará Áhrif virkjunarinnar og framkvæmda henni tengdri geta verið margvísleg, bæði á vatnshlotið Staðará/Rauðará og nærumhverfi ána. Umfang	Umsögn Hafrannsóknarstofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.

	áhrifanna veltur á hönnun og rekstri virkjunarinnar. Hafi virkjunin í för með sér breytta rennslishætti í Rauðará, Staðará eða báðum ánum gætu áhrifin á lífríkið í og við ána og þar með vistfræðilegt ástand vatnshlotsins orðið umtalsverð. Staðará er stutt fiskgeng og því ekki um sjógöngustofna að ræða í ánni fyrir ofan Draugafoss en algengt er að finna staðbundna stofna bæði bleikju og urriða fyrir ofan fossa á þessu landsvæði. Engin rannsókn á mögulegum staðbundnum fiskistofnum hefur farið fram svo vitað sé. Framkvæmdum sem þessum fylgir talsverð efnistaka sem þarf að skipuleggja. Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á að ekki sé stunduð efnistaka í ám og bendir á að framkvæmdir í og við vatn er háð sérstöku leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006..	
Fiskistofa 16.07.2025	Fiskistofa tekur undir umsögn Hafrannsóknarstofnunar en vill auk þess benda á að framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir í breyttu skipulagi kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.	Umsögn Fiskistofu verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra 19.06.2025	HNE gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.	Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.
Vegagerðin 20.06.2025	<i>Aðalskipulagsbreyting</i> Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi við vinnslu skipulagsáætlunarinnar hvað varðar þætti er snúa að vegum, umferð, umferðaröryggi, námum og öðrum þáttum er gætu varðað starfsemi stofnunarinnar. Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ og bendir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði og þá sér í lagi að ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum. Nauðsynlegt er að heimild Vegagerðarinnar liggi fyrir áður en tengingar eru færðar inn á skipulagstillögu. Tengingar við þjóðvegi sem eru sýndar óljóst á aðalskipulagi, hvort sem um er að ræða á gildandi aðalskipulagi eða við meðferð þess og hafa ekki hlotið samþykki Vegagerðarinnar þarfnast viðeigandi samráðs við Vegagerðina. Sé fyrirhugað að breyta landnotkun á reit sem þegar	Umsögn Vegagerðarinnar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.

	er tengdur þjóðvegakerfi þannig að umferð um hann breytist á einhvern hátt þarf að gera grein fyrir breytingunni þannig að Vegagerðinni sé unnt að taka afstöðu til áhrifa breytinganna á þjóðvegakerfið. Þó ekki þurfi að sýna tengingar við landnotkunarreit meðfram þjóðvegum þarf að tryggja að mögulegt sé að koma fyrir góðri tengingu við þjóðveg þannig að ákvæði Veghönnunarreglna séu uppfyllt. Að öðrum kosti getur Vegagerðin ekki tryggt að mögulegt sé að tengja starfsemi á fyrirhuguðum landnotkunarreit við þjóðvegakerfið. Óskað er eftir samráði vegna efnistökusvæða þar sem hagsmunir geta bæði farið saman og stangast á. Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils. <i>Deiliskipulag</i> Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Verði sótt um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá skal hann uppfylla kröfur Veghönnunarreglna um slíka vegi varðandi uppbyggingu, útfærslu, fjarlægð á milli vegamóta og fl. Æskilegt er að fjarlægðir á milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits. Vegagerðin fer fram á að fram komi á skipulagsuppdrætti, að öðrum verði heimilt að nýta tengingu að þjóðvegi komi til frekari uppbyggingar á svæðinu. Framkvæmdir og mannvirki innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Nýjar tengingar við þjóðvegi þurfa að vera útfærðar og samþykktar af Vegagerðinni. Sama á við um breytingar á notkun núverandi tenginga. Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.	
Náttúrufræðistofnun 18.06.2025	Þörf er á því að kortleggja vistgerðir innan framkvæmdasvæðis af meiri nákvæmni á vettvangi. Gera þarf grein fyrir búsvæðum fugla innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins. Í gílinu við	Umsögn Náttúrufræðistofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.

	Draugafoss er eitt af fáum fálkaóðulum í Bakkafirði. Í kafla 4, Umhverfismat skipulagsins, er engin umhverfisþáttur um jarðminjar sem þarf að bæta úr því innan svæðisins eru jarðgrunnsmyndanir frá síðjökultíma sem eru mikilvægar fyrir jöklunarsögu landshlutans, má þar t.d. nefna forn fjörumörk við Draugafoss. Laus jarðlög njóta ekki verndar en eru samt sem áður mikilvægar myndanir í jarðsögu landsins. Búast má við að með framkvæmdunum fylgi allmikið rask á áður lítt röskuðu svæði, sem mun einnig hafa áhrif á landslag og ásynd svæðisins. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi við skipulagslýsingu um aðalskipulagsbreytingar og nýtt deiliskipulag vegna Staðarárvirkjunar.	
Náttúruverndartofnun 10.06.2025	Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að rýna nánar við mótun tillögunnar: -Kortleggja þarf vistgerðir innan svæðisins og verndað votlendi og aðrar vistgerðir með hátt til mjög hátt verndargildi; forðast skal röskun þeirra og skilgreina mótvægisáðgerðir þar sem rask er óhjákvæmilegt. -Kanna þarf hvort friðaðar tegundir eru að finna á framkvæmdasvæðinu en sbr. auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021 eru þær tegundir friðaðar hvarvetna sem þær finnast villtar í náttúru Íslands. -Kortleggja og meta þarf áhrif virkjunarinnar á rennsli og ásynd Draugafoss, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, með það að markmiði að tryggja vernd fossins og náttúrulegs vatnsrennslis. -Kortleggja og vernda þarf möguleg búsvæði varpfugla; leggja skal fram rannsókn á fuglalífi til að forðast röskun á viðkvæmum tímum og svæðum -Gera þarf greiningu á áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og draga úr neikvæðum áhrifum á landslag og ásynd með að aðlaga mannvirki að landslagi og með gerð valkostagreiningar, í samræmi við 69. gr. náttúruverndarlaga. -Meta þarf áhrif slóðagerðar á vistgerðir og náttúrulegt yfirbragð svæðisins; leggja ber áherslu á frágang og endurheimt svæða að loknum framkvæmdum.	Umsögn Náttúruverndarstofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila. Ábending um Náttúruverndarstefnu sveitarfélagsins er hér með komið á framfæri.

	-Endurskoða skal framsetningu í töflu 4.1; greina þarf vistgerðir, fuglalíf, votlendi og landslag sem sjálfstæðan þátt og leggja áherslu á kortlagningu, vernd og mat á verndargildi (sjá að ofan). -Gera þarf grein fyrir því hvernig skipulagstillagan tekur mið af náttúruverndarstefnu sveitarfélagsins og skyldum þess samkvæmt 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og lögum um náttúruvernd. Sérstök vernd náttúruverndarlaga Í skipulagslýsingunni er ekki fjallað sérstaklega um hvort og með hvaða hætti virkjunin kunni að hafa áhrif á rennsli um Draugafoss. Að mati Náttúruverndarstofnunar er slíkt mat nauðsynlegt þar sem framkvæmdir fela í sér breytingar á vatnsflæði í Staðará með gerð stíflu, veitu og frárennisskurðar. Óljóst er hvort þetta geti leitt til breytinga vatnsrennsli árinna og því haft áhrif á verndargildigildi hans eða ásynd. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um jarðminjarnar og votlendin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast risk þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að kortlagning, greining og mat á verndargildi vistgerða og jarðminja, sérstaklega við Draugafoss og á votlendum svæðisins, verði unnin samhliða skipulagsgerð og birt með skýrum hætti í greinargerð. Vistgerðir og fuglalíf Mikilvægt er að fram fari kortlagning og mat á umfangi vistgerða á skipulagssvæðinu áður en unnt er að leggja heildarmat á áhrif framkvæmdarinnar. Sérstaklega þarf að gera grein fyrir riski sem verður á votlendi og öðrum viðkvæmum vistgerðum vegna mannvirkja-gerðar, veitu, vegagerðar, efnistöku og lóni. Í skipulagslýsingunni er ekki gerð grein fyrir því hvaða hlutar lands fari undir lón. Nauðsynlegt er að slíkt mat verði hluti af umhverfismati og að mögulegar mótvægisáðgerðir verði skilgreindar. Ekki er fjallað um fuglalíf í skipulagslýsingunni. Nauðsynlegt er að leggja fram rannsókn á fuglalífi á svæðinu og forðast röskun á varptíma og viðkvæmum búsvæðum fugla.	
--	---	--

	Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar njóta friðunar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema sérstaklega hafi verið kveðið á um annað í reglugerð. Landslag og ásjúnd Mikilvægt er að mati Náttúruverndarstofnunar gert verði mat á sjónrænum áhrifum virkjunarinnar. Að mati Náttúruverndarstofnunar er slíkt mat nauðsynlegt, þar sem áformað er að reisa stöðvarhús, stíflu, þrýstipípu og leggja vinnuvegi á svæði sem nú er ósnortið. Þá getur lón ofan stíflu breytt ásjúnd dalsins til lengri tíma. Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga ber að meta áhrif framkvæmda á landslag og kanna leiðir til að draga úr röskun, m.a. með aðlögun mannvirkja að landformi. Einnig þarf að meta framtíðarstöðu slóða og leggja fram tillögu að frágangi í samræmi við náttúrulegt yfirbragð lands. Náttúruverndarstefna sveitarfélagsins Nauðsynlegt er að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagsáætlunum sínum. Skipulagsáformin þurfa að endurspegla stefna sveitarfélagsins um vernd náttúru og gera grein fyrir því hvernig þau uppfylla skyldur sveitarfélagsins samkvæmt 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og markmið laga um náttúruvernd. Vatnamál Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot í samræmi við markmið vatnaáætlunar Íslands 2022–2027, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 935/2011. Umhverfismat – ábendingar um matsþætti og aðgreining Að mati Náttúruverndarstofnunar má endurskoða og skerpa framsetningu matsþátta og umhverfisþátta í töflu 4.1 í skipulagslýsingunni, í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana¹ og 12. gr. skipulagslaga. Einkum er mikilvægt að: -Greina skýrt á milli vistgerða, votlendis, vatnsumhverfis og fuglalífs sem sjálfstæðra umhverfisþátta. -Setja landslag og sjónræn áhrif fram sem sérstakan matsþátt, með vísan til 69. gr. náttúruverndarlaga. -Gera grein fyrir því að ákveðnir þættir innan skipulagssvæðisins – þar á meðal votlendi og Draugafoss – kunna að falla undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og eru því sérstaklega matsverðir
--	---

	-Meta áhrif virkjunar og lóns á vistgerðir og rennsli Staðarár með tilliti til fuglalífs og líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúruverndarstofnun leggur til að þessi aðgreining verði höfð til hliðsjónar við frekara umhverfismat og mótun skipulagstillagna.	
--	---	--